

Gagnsæ samskipti lækna og lyfjaframleiðenda

Íslenskur viðauki um samskipti lyfjaframleiðenda og fagfólks í heilbrigðisstéttum var sendur út til lækna í byrjun nóvember. Jakob Falur Garðarsson framkvæmdastjóri Frumtaka segir að viðaukanum sé ætlað að kveða skýrar á um samskiptareglur varðandi ferðatilhögun, þáttöku maka í ferðum og viðburðum, atburði, risnu og gjafir.

„Samskipti lyfjaframleiðenda við lækna byggja á reglum EFPIA og gildandi viðaukum við þær en þær hafa verið þýddar og var dreift með *Læknablaðinu* í sérstökum bæklingi í vor. Þar er beitt huglægum hugtökum um samskipti þessara aðila svo sem „skynsamt“, „ódýrt“, „hóflegt“ og okkur fannst nauðsynlegt að kveða skýrar á um þetta í íslenska viðaukanum svo enginn

vafi léki á hvað átt væri við,” segir Jakob Falur.

Stjórn Læknafélags Íslands var á aðalfundi félagsins falið að ganga frá samningi við Frumtök um samskipti lyfjaframleiðenda og lækna og mun sá samningur væntanlega verða undirritaður á Læknadögum í janúar.

„Með því að setja skýrar reglur er verið að vernda þessi mikilvægu samskipti sem hafa oft verið gagnrýnd en með því að hafa umræðuna opna og samskiptin gagnsæ og aðgengileg teljum við að hægt sé að fyrirbyggja óþarfa tortryggni.“

Reglur EFPIA í íslenski þýðingu ásamt íslenska viðaukanum er að finna á heimasíðu Frumtaka, frumtok.is/sidareglur



„Með því að setja skýrar reglur er verið að vernda þessi mikilvægu samskipti,” segir Jakob Falur Garðarsson framkvæmdastjóri Frumtaka.



Anatómíukúrsus 1963

Ársæll Jónsson

arsaell@simnet.is

Anatómíukúrsus í kjallara norður-álmu Háskóla Íslands vorið 1963. Bjarni Konráðsson og Jón Steffensen réðu þar ríkjum en Jón var prófessorinn í anatómíu. Viðfangsefnið var handleggur sem ungur sjómaður hafði misst í vinnuslysi. Læknarnemar fengu yfirleitt enga verklega kennslu í anatómíu á þessum árum þannig að þessi stutti og eini kúrsus læknarnemanna fimm var óvæntur og tilviljanakenndur!

Læknarnemarnir eru Sigurður Björnsson, síðar krabbameinslæknir og fálkaorðuhafi, Guðmundur Sigurðsson heilsugæslulæknir og höfundur Sögu-dagálanna, Guðrún Agnarsdóttir veirufræðingur, alþingismaður og forsetaframbjóðandi, Guðni Þorsteinsson sérfræðingur og kennari í endurhæfingu, starfaði í Bandaríkjunum, og Ársæll Jónsson öldrunarlæknir.